

Stjórnarfundur Prentsöguseturs

9. september 2022 kl. 11:00 í Gömlu prentsmiðjunni.

Dagskrá:

1. Staðan í Skálholti
2. Húsnæðismál

Mættir: Heimir Örn, Tryggvi Þór, Hjörtur, Ágúst, Haukur Már

1. Staðan í Skálholti er sú að búið er að fínþússa vegg, að sögn sr. Kristjáns Björnssonar vígslubiskups. Þeir þurfa að þorna áður en hægt er að fara að vinna frekar við þá. Sr. Kristján telur að það muni ekki verða fyrr en eftir sirka 3 mánuði sem hægt verði að fara að koma bókasafninu fyrir í aðstöðu þess. Fyrr en það er klárt er ekki hægt að fara að ganga frá og setja upp sýninguna okkur. – Þetta þýðir næstu áramót í fyrsta lagi.
2. Félaginu hefur verið gert að rýma kjallaran fyrir næstu áramót. Heimir Br. hefur skoðað húsnæði á jarðhæð og kjallara Laugavegs 25 og telur það muni henta mjög vel fyrir Gömlu prentsmiðjuna og fornbókasöluna saman. Um er að ræða samtals 260 fermetra húsnæði, 140 í kjallaranum og 120 á götuhæð. Eigandi húsnæðisins er Guðbergur Kristinsson og hugmynd hans um húsaleigu er 3.000 kr. á fermetrann, eða 780.000 samtals. Sem mun vera lág leiga á þessum stað.

Eftir stjórnarfundinn fóru stjórnarmenn ásamt Heimi Br. að skoða húsnæðið og héldu síðan fund þar sem þeir viðruðu skoðanir sínar á hugmyndinni. Þar var skoðun stjórnarmanna einróma sú að þetta húsnæði hentaði á engan hátt. Hugmynd Heimis Br. var því hafnað einróma.

Fram kom á fundinum að formaðurinn hefur verið í sambandi við Framkvæmdasýslu ríkisins um að Gamla prentsmiðjan verði hluti af jarðhæð Skólavörðustígs 9. Einnig við Hjálmar Sveinsson borgarfulltrúa um hugsanlegt húsnæði í eigu borgarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir; fundi slitið kl. 12:30.

Haukur Már ritaði fundargerð.